

croup, 7, Choler. & Cat. intest. acutus 13, Gonorrhoea 11, Syphilis aqvisit. c. coitu imp. 3, Syph. congenita 1, Tuberculos pulm. & lar. 4, Tubercul aliis locis 5, Echinococcus 4, Scabies 19. (Sjúkl. með Gon. og Syph. voru allir íslenzkir nema 1.)
J. H. j. Sigurðsson.

Akureyri 27. apríl. Heilsufar hér er að skána. Kíghósti og hettusótt eru að detta úr sögunni, og aðrar sóttir ekki komið í þeirra stað. Enginn sýkst af poliomyelitis síðustu 7 vikurnar. Menn óttast að eins að þessi svo nefnda influenza flytjst með skipunum.

Stgr. Matth.

Sérfræðingar.

Jón Kristjánsson læknir, sem áður hefir stundað nuddlækningar, er nú kominn aftur úr utanför sinni og seztur að hér í bænum. Hann hefir lagt stund á gigt- og hjartasjúkdóma (á Finsensstofnuninni), og ætlar að fást einkum við lækningar á þeim kvillum jafnframt fysiotherapie. Í því augnamiði hefir hann aflað sér allmikilla áhaldna og munu þau fæst hafa verið notuð hér áður. Áður langt um líður er von á öðrum sérfræðingi hingað: Halldóri Hansen. Hann ætlar að verja miklum tíma erlendis til þess að læra meðferð meltingarkvilla. H. H. er námsmaður með afbrigðum, og enginn efi á því, að hann verði leikinn í sinni grein. Ef þessu heldur áfram, verður hér í Rvík hreint safn af sérfræðingum í læknislist.

Læknar á lausum kili.

Í janúarblaðinu var getið lausra læknishéraða og þeirra, sem í þeim sætu sem stæði. En auk þeirra eru þessir læknar á lausum kili: Konráð Konráðsson, situr í vetur á Eyrarbakka. Bjarni Snæbjörnsson, hefir enn ekki siglt; hefur í vetur þjónað Patreksfjarðarhéraði í utanför héraðslæknis. Guðm. Ásmundsson, hefir heldur ekki siglt; þjónar fyrir Ingólf Gíslason á Vopnafirði meðan hann er í utanför.

Fréttir

eru af skornum skamti í þessu blaði vegna fjarveru landlæknis. Hann er á eftirlitsferð á Austfjörðum, og kynnir sér þá væntanlega ástand alt í Eskifjarðarhéraði. Væri þess óskandi, að koma hans gæti miðlað málum og bætt samkomulag þar eystra.

Þessir hafa borgað blaðið: Gunnl. Claessen, Ól. Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson gerlafræðingur, Halld. Gunnlögsson, Konr. Konráðsson, M. Júl. Magnús, Jón Blöndal, Árni Arnason, Þórður Sveinsson, Þórður Thoroddsen, Magnús Einarsson dýralæknir, Gísli Pétursson, Þorgrímur Þórðarson, Þorbjörn Þórðarson, Bjarni Snæbjörnsson, Stefán Gíslason, Eiríkur Kjerúlf, Magnús Snæbjörnsson, Halldór Steinsson, Magnús Pétursson, Guðm. Ásmundsson, Sigurjón Jónsson, Guðm. Thoroddsen, Steingrímur Matthíasson, Árni Helgason, Jónas Jónasson, Magnús Jóhannsson, Jónas Kristjánsson.